

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/720****2025/EES/73/12****frá 15. apríl 2025****um leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651 sem fóðuraukefni
fyrir allar dýrategundir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað var eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „aukefni í votfóður“.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. september 2024 ⁽²⁾ að *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651 og samsetta aukefnið sé örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Að því er varðar öryggi notenda telst fóðuraukefnið vera hugsanlegur húð- og öndunarferanæmir en það er þó ekki talið augnertandi. Sérhver útsetning fyrir fóðuraukefninu fyrir húð og öndunarveg telst vera áhætta. Viðbót *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651 í lágmarksstyrk sem nemur 1×10^8 CFU/kg fersks plöntuefnis getur bætt loftháðan stöðugleika votfóðurs úr fersku plöntuefni með þurrefnisinnihald á bilinu 28–45%. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/720, 16.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22(10), e9029. <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.9029>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votföður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í föður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer föðuruau- kefnisins	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU/kg fersks efnis			
1k21903	<i>Lentilactobacillus buchneri</i> DSM 32651	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með <i>Lentilactobacillus buchneri</i> DSM 32651 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{11} CFU/g aukefnis</p> <p>Fast form</p> <p>_____</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Lífvænlegar frumur <i>Lentilactobacillus buchneri</i> DSM 32651</p> <p>_____</p> <p>Greiningaraðferð (1)</p> <p>Samngreining: Kjarnsýrumógnun endurtekinnna sameitra milligenaða úr iðrabakteríum (ERIC-PCR) eða DNA-raðgreining eða rafráttur á geli í púlssviði (PFGE) (CENT/T5 17697)</p> <p>— Ákvörðun á heildarfjölda í föðuruaukefninu: Dreifingaraðferð (eða áhellingarferð) með MRS-agar (EN 15787)</p>	Allar dýrategundir	-	-	-	<p>1. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði.</p> <p>2. Nota skal aukefnið eingöngu með fersku plöntuefni sem er auðvelt og meðalerrfitt að votföðursverka (2).</p> <p>3. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votföður: 1×10^8 CFU/kg fersks plöntuefnis.</p> <p>4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur föðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.</p>	6. maí 2035

Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votföður

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fánlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrámsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

(2) Föðurlitur sem er auðvelt að votföðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni, meðalerrfitt að votföðursverka: 1,5–3% leysanleg kolvetni í fersku efni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar getu og framsetningu umsóknna og mat á aukefnum í föðri og leyfi fyrir þeim (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/429/oj>).